NÁTTÚRUSTOFA
Norðurlands vestra

ÁRSSKÝRSLA

Náttúrustofu Norðurlands vestra
2000 - 2002

NÁTTÚRUSTOFA
Norðurlands vestra

ÁRSSKÝRSLA

Náttúrustofu Norðurlands vestra
2000 - 2002

Þorsteinn Sæmundsson

NNV-2003-001
Júní 2003

Efnisyfirlit

1. Inngangur 1
1.1 Náttúrustofur og hlutverk þeirra á Íslandi 1
1.2 Saga Náttúrustofa á Íslandi 1
1.3 Náttúrustofa Norðurlands vestra 1
2. Hlutverk Náttúrustofa 3
2.1 Lagarammi Náttúrustofa 3
2.2 Reglugerðarammi Náttúrustofu Norðurlands vestra 3
2.3 Starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra 4
2.4 Stjórnir Náttúrustofu Norðurlands vestra 4
3. Fjármál Náttúrustofu Norðurlands vestra 5
4. Uppbygging stofunnar 6
5. Húsnæðismál stofunnar 7
6. Helstu verkefni Náttúrustofu 8
6.1 Verkefni unnin árið 2000 8
6.2 Verkefni unnin árið 2001 12
6.3 Verkefni unnin árið 2002 17
6.4 Verkefni sem stöðugt eru unnin 27
6.5 Gjafir tilhanda stofunni 28
7. Starfsfólk stofunnar 29
8. Ráðstefnur, fyrirlestrar og veggspjöld 30
8.1 Ráðstefnur 30
8.2 Fyrirlestrar á alþjóðlegum ráðstefnum 31
8.3 Aðrir fyrirlestrar 32
9. Ritskrá 33
10. Greinar sem unnið er að á árinu 2003. 34

Nú þegar þrjú ár eru liðin frá stofnun Náttúrustofu Norðurlands vestra er vert að líta yfir farinn veg. Þessi ár hafa verið athyglisverð og lærdómsrík. Þau hafa einkennst af mikilli leit, leit af verkefnum og rekstrargrundvelli fyrir stofu sem þessa. Margar stórar spurningar hafa vaknað á þessum árum. Við sumum hafa fengist svör, en öðrum verður líklega seint ef þá nokkurn tíma svarað. Eitt er þó víst að spurningunum um hvort náttúrustofur eigi rétt á sér og hvort uppbygging þeirra sé í réttum farvegi er ekki hægt að svara nema játandi.

Huga verður að því að sú starfsemi sem fer fram á náttúrustofum er í flestum tilfellum nýlunda í þeim byggðarlögum þar sem stofurnar hafa verið stofnaðar. Sá hugsunarháttur sem viðgengst á þeim er því oft fersk viðbót við þá atvinnustarfsemi sem fyrir er. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að náttúrustofur geta til dæmis nýst vel í sambandi við þær auknu kröfur sem sveitarfélög standa frammi fyrir í dag svo sem í umhverfis- og menntamálum. Ekki má heldur gleyma þeirri staðreynd að með tilkomu náttúrustofa gefst tækifæri fyrir náttúrufræðinga að vinna við vísindarannsóknir á landsbyggðinni, jafnvel í sinni heimabyggð. Nokkuð sem ekki hefur áður þekkst hér á landi.

Á þeim árum sem stofan hefur starfað hafa forstöðumenn náttúrustofa á Íslandi stofnað með sér fagsamtök, Samtök Náttúrustofa (SNS). Mikil vinna hefur farið fram á vettvangi þessara samtaka og tel ég að grundvöllur fyrir framgangi náttúrustofa á Íslandi í framtíðinni eigi án efa eftir að liggja í gegnum samtökin. Öllum þeim sem þar hafa komið að verki er þakkað ánægjulegt samstarf.

Fjöldi fólks hefur komið með einum eða öðrum hætti að stofunni á þessum fyrstu árum hennar. Öllum þeim sem lagt hafa stofunni lið eru færðar góðar þakkir. Sér í lagi er starfsfólki stofunnar þökkuð góð störf og stjórnarmeðlimum sem unnið hafa ötullega að uppbyggingu hennar. Guðrúnu Sighvatsdóttir og Pétri Péturssyni fyrrverandi stjórnarformönnum vil ég færa sérstakar þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Stofan hefur einnig náð góðum tengslum við aðrar stofnanir bæði innanlands og utan. Öllum þeim aðilum sem þar hafa að máli komið er þökkuð góð og ánægjuleg samskipti.

Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir alla þá ómældu vinnu sem þau hafa lagt á sig við hinar ýmsu uppákomur sem stofan hefur staðið fyrir.

Ég horfi með bjartsýni á framtíð Náttúrustofu Norðurlands vestra og reyndar allra náttúrustofa á landinu. Það eru mörg verk sem eru óunnin á Íslandi í umhverfis- og náttúrufarsrannsóknum og tel ég að stofurnar eigi eftir að skipa þar mikilvægan sess.

Dr. Þorsteinn Sæmundsson
forstöðumaður

1. Inngangur

1.1 Náttúrustofur og hlutverk þeirra á Íslandi

Saga náttúrustofa nær aftur til ársins 1992 þegar ný lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur tóku gildi. Frá árinu 1995 hafa sex Náttúrustofur verið stofnaðar víðs vegar á landinu. Meginmarkmið með stofnun stofanna er að efla sérhæfðar náttúrurannsóknir og kennslu í náttúrufræðum á landsbyggðinni. Einnig að auðvelda sveitastjórnum og öðrum þeim aðilum sem hafa það hlutverk að fjalla um og vinna með umhverfistengd málefni aðgang að sérhæfðri þekkingu á náttúru- og umhverfisfræðum.

1.2 Saga Náttúrustofa á Íslandi

Saga náttúrustofa á Íslandi er ekki löng og nær reyndar ekki lengra aftur en til ársins 1992. En árið 1995 var fyrsta náttúrustofan stofnuð, Náttúrustofa Austurlands og hefur Dr. Guðrún Jónsdóttir líffræðingur veitt henni forstöðu frá upphafi. Tvær stofur voru síðan stofnaðar árið 1996. Önnur stofan, Náttúrustofa Suðurlands, tók til starfa í Vestmannaeyjum og veitti Dr. Ármann Höskuldsson jarðfræðingur henni forstöðu fram á mitt ár 2002, en þá tók þar við stjórn Dr. Ingvar A. Sigurðsson jarðfræðingur. Hin stofan, Náttúrustofa Vestfjarða, tók til starfa í Bolungarvík og veitir Dr. Þorleifur Eiríksson líffræðingur henni forstöðu. Fjórða stofan, Náttúrustofa Vesturlands var stofnsett árið 1998 í Stykkishólmi. Í byrjun veitti henni forstöðu Dr. Kristján Geirsson, jarðfræðingur, en árið 1999 tók Dr. Jón Baldur Sigurðsson líffræðingur við. Hann lét af störfum árið 2000 og tók þá Mr. Róbert A. Stefánsson líffræðingur við forstöðuunni. Fimmta stofan, Náttúrustofa Norðurlands vestra var stofnuð árið 2000 og veitir henni forstöðu Dr. Þorsteinn Sæmundsson jarðfræðingur. Sjötta stofan Náttúrustofa Reykjaness, tók síðan til starfa árið 2000 og til að byrja með veitti henni forstöðu Dr. Jón Baldur Sigurðsson líffræðingur en nú um mitt ár 2002 tók Dr. Sveinn K. Valdimarsson líffræðingur við forstöðunni.

Nánari upplýsingar um starfsemi hverrar stofu er að finna á eftirfarandi heimasíðum:

Náttúrustofa Austurlands	http://www.na.is
Náttúrustofa Vestfjarða	http://www.nave.is/
Náttúrustofa Suðurlands	http://www.nattsud.is/
Náttúrustofa Vesturlands	http://www.nsv.is
Náttúrustofa Norðurlands vestra	http://www.nnv.is
Náttúrustofa Reykjaness	http://www.nr.is

1.3 Náttúrustofa Norðurlands vestra

Náttúrustofa Norðurlands vestra tók til starfa á Sauðárkróki í byrjun árs 2000, eftir um tveggja ára undirbúningstíma. Stofan fékk til afnota fallegt húsnæði í "Gamla barnaskólanum" að Aðalgötu 2 (mynd 1). Húsið sem reist var árið 1908 hafði þá verið gert upp í nánast upprunalegri mynd. Sú aðgerð tókst í alla staði mjög vel og er þeim fjölmörgu sem stóðu að því verki til mikils sóma. Við endurgerð hússins var tekið tillit til

þess hvers konar starfsemi ætti að fara þar fram og er ekki annað hægt að segja en að sú hönnun hafi tekist vel.

Greinilegt er að mikill metnaður var settur strax í upphafi í starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra af hálfu sveitafélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps. Dr. Þorsteinn Sæmundsson jarðfræðingur var ráðinn forstöðumaður stofunnar og fluttist hann til Sauðárkróks ásamt fjölskyldu sinni frá Reykjavík. Frú Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra opnaði stofuna formlega þann 9. maí að viðstöddu fjölmenni.

Náttúrustofan lét hanna auðkenni (logo) fyrir stofuna (mynd 2). Um það verk sá Hjördís G. Bergsdóttir (Dosla) listamaður. Merkið er samsett úr nokkrum atriðum sem eru einkennandi í náttúru Skagafjarðar. Efri hluti merkisins tákna útlínur Tindastóls séð frá Sauðárkróki. Miðhluti þess er útsýni frá Sauðárkróki í norður til Málmeyjar. Þar undir er lárétt stuðlaberg, sem til dæmis er einkennandi fyrir strandsvæðið við Hofsós og á að vera táknrænt fyrir hinn lífvana heim náttúruvísindanna þ.e. jarðvísindi. Í merkinu eru einnig fuglar og fífur sem eru táknrænar fyrir lífheim náttúruvísindanna, bæði dýraríkið og jurtaríkið. Til hægri á myndinni teygir sig hönd niður undir stuðlabergið og táknar hún hönd móður náttúru.

Mynd 1. Húsakynni Náttúrustofu Norðurlands vestra í "Gamla barnaskólanum" við Aðalgötu 2. Hann var byggður árið 1908, en hefur nú verið endurbyggður og er miðbæ Sauðárkróks til mikillar prýði.

Mynd 2. Auðkenni (logo) Náttúrustofu Norðurlands vestra.

2. Hlutverk Náttúrustofa

2.1 Lagarammi Náttúrustofa

Náttúrustofur hafa starfað eftir lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60 frá 1992 með síðari breytingum frá árinu 2002. Helsta hlutverk stofanna samkvæmt lögunum frá árinu 1992 er að finna í 11. gr. laganna.

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

a) að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum, einkum í viðkomandi landshluta.
b) að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál.
c) að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Einnig er náttúrustofu heimilt að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

Samkvæmt lagabreytingu sem gerð var árið 2002 er fastar kveðið á um hlutverk stofanna og fleiri verkefni frá stofnunum ríkisins hafa verið sett inn í hlutverkaskrá stofanna:

a) að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.
b) að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.
c) að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni.
d) að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila.
e) að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

2.2 Reglugerðarammi Náttúrustofu Norðurlands vestra

Náttúrustofur landsins starfa eftir lögum eins og greint er frá hér á undan en nánar er kveðið á um hlutverk þeirra í reglugerðum fyrir hverja stofu. Í reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkróki nr.96 frá árinu 1998 er tekið fram að hlutverk Náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkróki sé:

a) að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Norðurlands vestra
b) að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Norðurland vestra og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum
c) að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning, fyrirtæki og í skólum á Norðurlandi vestra. Skal í þessu

sambandi hafa náið samastarf við starfsmenn annarra stofnana sem vinna að sömu málum

d) að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Norðurlandi vestra

e) að veita sveitafélögum á Norðurlandi vestra umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar m.a. vegna verndar og nýtingar náttúrulegra auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir

2.3 Starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra

Við uppbyggingu á starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra hefur verið farið eftir þeim lagabókstaf sem um stofuna gildir. Við verkefnaöflun hefur verið reynt að sækja um fjármagn í sem fjölbreytilegust verkefni og hefur einkenni náttúrufars Skagafjarðar ráðið þar töluverðu um. Þó verður að gera sér grein fyrir að hlutverk hverrar náttúrustofu eru það fjölbreytt að ómögulegt er að sinna þeim öllum á grundvelli þeirra fjármuna sem til stofanna eru settir. Starfsemi hverrar stofu hefur því þróast út verkefni sem tengjast fagsviði forstöðumanns og þeirra starfsmanna sem á stofunum vinna. Með tilkomu Samtaka Náttúrustofa (SNS) hefur þó opnast ný leið til þess að deila sérhæfðum verkefnum milli stofanna, þar sem mismunandi sérþekking er til staðar sem stuðlar að aukinni fjölbreytni í verkefnavali.

2.4 Stjórnir Náttúrustofu Norðurlands vestra

Yfir starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra er valin þriggja manna stjórn og þriggja manna varastjórn. Fyrir lagabreytinguna árið 2002 skipaði Umhverfisráðherra formann stjórnar, en rekstrarsveitarfélög skipuðu tvo í stjórn. Í kjölfar lagabreytingarinnar skipa rekstrarsveitafélög nú alla þrjá meðlimi stjórnar.

Um starfsemi stjórna er fjallað um í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofur númer 92 frá árinu 1992 með breytingum árið 2002. Hlutverk stjórnar er að ráða forstöðumann, fjalla um árlega fjárhagsáætlun fyrir stofuna og fylgjast með fjárhag hennar og starfsemi.

Þegar Náttúrustofa Norðurlands vestra tók til starfa í febrúar 2000 starfaði yfir henni þriggja manna stjórn. Guðrún Sighvatsdóttir formaður, skipuð af umhverfisráðherra, Arnþór Gunnarsson, meðstjórnandi og Sævar Einarsson, ritari skipaðir af rekstrarsveitarfélagi. Í varastjórn voru Pétur Pétursson, Guðmundur Árnason og Símon Traustason. Á vormánuðum 2000 lét Guðrún Sighvatsdóttir af störfum og varamaður hennar Pétur Pétursson tók við formennsku. Við varamennsku Péturs tók María Gréta Ólafsdóttir.

Í kjölfar sveitastjórnakosninga árið 2002 tók ný stjórn við taumunum. Í þeirri stjórn sitja Jóhann Svavarsson, formaður, Sólveig Jónasdóttir ritari og Sævar Einarsson meðstjórnandi, öll skipuð af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahrepp. Varamenn eru Sigurlaug Konráðsdóttir, Viðar Einarsson og Símon Traustason.

3. Fjármál Náttúrustofu Norðurlands vestra

Náttúrustofa Norðurlands vestra er rekin af ríkinu og Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Náttúrustofan er þó í eigu og ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem um hana hafa gert rekstrarsamning. Þegar stofan tók til starfa árið 2000 var jöfn eignarskipting milli ríkis og rekstrarsveitafélaga, en með tilkomu nýrra laga árið 2002 fluttist eignarhluti ríkisins yfir á hendur rekstrasveitafélaga.

Í eftirfarandi töflu koma fram kostnaðartölur fyrir þau þrjú rekstrarár sem stofan hefur starfað. Á þessum þremur árum var fjármagnsskipting þannig að ríkið lagði til ákveðna grunnupphæð sem fara skildi í launagreiðslur til forstöðumanns, táknað sem Ríkissjóður rekstur í töflunni. Ríkið lagði þar að auki til stofnfé sem notast skildi eingöngu til uppbyggingar á húsnæði og tækjakosti. Þetta framlag var greitt að því tilskyldu að rekstrasveitarfélag legði til sömu upphæð á móti sem notast ætti til uppbyggingar á húsnæði og tækjakosti stofunnar. Að auki lagði Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur til fé til rekstrar.

Ár	Ríkissjóður rekstur	Ríkissjóður stofnfé	Sveitarfélag rekstur	Sveitarfélag stofnfé	Samtals
2000	3.400.000	1.500.000	3.000.000	1.500.000	9.400.000
2001	3.600.000	1.600.000	3.500.000	1.600.000	10.300.000
2002	3.900.000	*8.700.000	4.000.000	*8.700.000	25.300.000
Samtals	10.900.000	11.800.000	10.500.000	11.800.000	45.000.000

*Heimild var fyrir að nota uppsafnað fé Náttúrustofunnar frá því að hún kom á fjárlög árið 1998 til kaupa eða leigu á húsnæði, að því tilskyldu að sveitarfélagið legði jafnmikið á móti. Tiltækt fé stofunnar til húsnæðiskaupa þegar hún tók til starfa 01.02.2000 var því 14.000.000.

Samfara lagabreytingunni árið 2002 breyttust rekstrarskilyrði stofanna mikið. Framlag ríkisins var aukið úr 5.6 milljónum árið 2002 í 7.5 milljónir árið 2003. Þar að auki voru tekin út ákvæði um að ákveðnu fjármagni skildi varið í uppbyggingu tækjakosts stofanna. Þau sveitarfélög sem gert hafa samning um rekstur stofanna hafa skuldbundið sig til að greiða fjárhæð sem nemur lægst 30% af heildarframlagi ríkisins.



4. Uppbygging stofunnar

Sá tími sem stofan hefur verið starfrækt hefur farið í að afla henni verkefna og sanna tilveru hennar. Slíkt verk er ekki fljótunnið og verður seint eða aldrei lokið. Þegar stofan tók til starfa í febrúar árið 2000 átti hún ekki neitt. Markviss uppbygging hefur farið fram á tækjum, bókakosti og öðru sem til þarf fyrir slíkan rekstur. Forstöðumaður hefur meðal annars lánað stofunni bókasafn sitt og önnur tæki og tól til þess að stofan geti starfað eðlilega og lagði til hennar eigin bíl fyrstu tvö árin. Á þeim þremur árum sem stofan hefur starfað hefur henni vaxið ásmegin hvað tækjakost snertir, en langt er þó enn í land að hún verði fullbúin. Mikilvægt er að átta sig á og vanmeta ekki í þessu sambandi að stærsta fjárfestingin sem stofan leggur í er það hugvit sem fylgir því starfsfólki sem við stofuna starfar. Nauðsynlegt er að tryggja að hægt sé að ráða til stofunnar hæft starfsfólk. Mikilvægt er einnig að tryggja rekstrargrundvöll stofunnar í framtíðinni, þannig að hægt sé að ráða starfsfólk að stofunni til lengri tíma. Slíkt verður ekki gert nema að bæði ríki og rekstrarsveitarfélög leggi stofunni til aukin föst verkefni.



5. Húsnæðismál stofunnar

Árið 2000 þegar Náttúrustofan hóf starfsemi sína flutti hún inn í nýuppgert húsnæði að Aðalgötu 2 (mynd 1). Húsnæðið var endurgert með það að markmiði að starfsemi Náttúrustofunnar rúmaðist þar fyrir. Á efri hæð hússins eru tvær skrifstofur auk sýninga- og fyrirlestrarsals. Á neðri hæð eru snyrtingar, tvær rannsóknarstofur og eldhús. Til stóð í upphafi að stofan fengi allt húsnæðið undir starfsemi sína, en til að byrja með var hluti húsnæðisins leigður Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Eftir um tveggja ára samningaviðræður um verð hússins, keypti Náttúrustofan helmingshlut húsnæðisins á móti Sveitarfélaginu Skagafirði í ársbyrjun 2002. Samningur var gerður um notkun hússins og hefur Náttúrustofan aðgang að sal á efri hæð til sýninga, fyrirlestra og fundarhalds, annars er sá salur notaður til reglulegra funda sveitastjórnar og til annarra uppákoma.

Í dag er fullbúin vinnuaðstaða fyrir þrjá sérfræðinga á stofunni og hægt er að setja upp tvær færanlegar vinnuaðstöður. Uppbyggingu tækjakosts á rannsóknastofurnar miðar hins vegar hægar enda er hann mjög dýr.

6. Helstu verkefni Náttúrustofu

Eins og upptalningin hér á undan á hlutverkum Náttúrustofu Norðurlands vestra sýnir þá er verksvið stofunnar fjölbreytt. Þessi ár sem liðin eru frá stofnun stofunnar hafa þó einkennst af því að stofan er að stíga sín fyrstu skref og skapa sér grundvöll. Markviss verkefnaleit hefur átt sér þar stað samhliða. Það tímabil sem stofan hefur starfað hefur þó einkennst af óróleika og nokkurri óvissu, en miklar vonir eru bundnar við að úr rætist með tilkomu nýrra laga um starfsemi Náttúrustofa á Íslandi, sem samþykkt voru árið 2002.

Hér á eftir verða helstu verkefni sem unnin hafa verið og eru í vinnslu á Náttúrustofunni talin upp.

6.1 Verkefni unnin árið 2000

Kennsla við Háskóla Íslands

Á vorönn 2000 tók forstöðumaður að sér kennslu í hluta námskeiðs í umhverfisjarðfræði við Háskóla Íslands sem fjallaði um ofanflóð og ofanflóðahættu að beiðni Dr. Áslaugar Geirsdóttur.

Kennsla við Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra

Á haustönn 2000 tók forstöðumaður að sér kennslu í náttúrufræði við Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra að beiðni Ársæls Guðmundssonar skólameistara.

Kynning á Náttúrustofu Norðurlands vestra

Markvisst var unnið að því að kynna stofuna bæði innan Skagafjarðar og utan. Í því samhengi skrifaði forstöðumaður grein í Sveitarstjórnarmál, Náttúrustofa Norðurlands vestra á Sauðárkróki, þar sem rakin var saga náttúrustofa á Íslandi og þeim hugmyndum sem eru uppi um starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra. Þessa grein má nálgast í 5. tölublaði Sveitastjórnamála árið 2000, bls 288-291 (sjá ritlista).

Umhverfismat Kolkuósi

Verkfræðistofan Línuhönnun leitaði til Náttúrustofu Norðurlands vestra vegna umhverfismats á fyrirhuguðu sorpurðunarsvæði í landi Kolkuóss. Náttúrustofan fékk starfsfólk frá Hólaskóla til að framkvæma fuglatalningu og gera úttekt á gróðurfari svæðisins (sjá ritlista).

Rannsóknir á votlendissvæðum Skagafjarðar

Á árinu 2000 hófst undirbúningsvinna við rannsóknir á votlendissvæðum Skagafjarðar. Heimildasöfnun fór fram, staðhættir skoðaðir og áætlun um rannsóknir til framtíðar voru gerðar. Sótt var um fjármagn til rannsókna fyrir árið 2001.

Öskulagagreining vegna fornbýlisins Sauðár

Í kjölfar vegalagningar vegna húsbyggingar í landi fornbýlisins Sauðár á Sauðárkróki voru gerðar greiningar á öskulögum sem fundust ofan við forna grafreiti (mynd 3). Forstöðumaður Náttúrustofunnar tók sýni til greiningar og voru þau send Guðrúnu Larsen við Háskóla Íslands til efnagreiningar.

Mynd 3. Öskulagasnið við fornbýlið Sauðá á Sauðárkróki. Í neðra horni hægra megin sést greinilega að rask hefur orðið og eru það leifar af gröf. Yfir gröfinni liggur hvítt öskulag sem er úr Heklugosi sem varð árið 1104 Að því má leiða að gröfin sé eldri en öskulagið og varð niðurstaðan sú að grafreitirnir eru úr heiðni (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2000).

Við athugun á öskulagasniðinu kom í ljós að við vegalagninguna hafði verið grafið í fornan grafreit við fornbýlið Sauðá. Spurningar vöknuðu um hvort um væri að ræða grafreit frá heiðni eða hvort um var að ræða grafreit eftir kristnitökuna. Á grundvelli öskulaga voru grafirnar aldursgreindar fyrir 1104 og eru líklega úr heiðni.

Mælingar á hreyfingu norðurjaðars Hofsjökuls

Mynd 4. Norðurjaðar Hofsjökuls. Í fjarska sést í efsta hluta Mælifells (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2000).

Á haustmánuðum árið 2000 var forstöðumaður beðinn um að fara með Valgeiri Kárasyni og mæla hreyfingar á norðurjaðri Hofsjökuls. Oddur Sigurðsson jarðfræðingur á Orkustofnun hefur beðið þá Valgeir og Skúla Bragason um að sjá um mælingar á hopi jökulsins undanfarin ár. Frá árinu 1950 þegar byrjað var að fylgjast með hopi á þessum slóðum hefur jökulröndin hopað um 550 m eða um 10 m að meðaltali á ári (mynd 4).

Athuganir á grjóthruni á Óshlíðarveg, Ísafjarðardjúpi

Vegagerðin á Ísafirði leitaði til Náttúrustofu Norðurlands vestra vegna grjóthrunshættu á Óshlíðarvegi í Ísafjarðadjúpi. Notast var við reiknilíkan sem nefnist Rockfall program. Nokkuð var gert af útreikningum með forritinu en þær niðurstöður sem úr fengust nýttust ekki sem skildi við þær aðstæður sem til staðar eru á þessum vegarkafla (sjá ritlista).

Jarðfræðileg ummerki ofanflóða

Á árinu 2000 var ötullega unnið að kynningu á rannsóknum á jarðfræðilegum ummerkjum ofanflóða á Íslandi. Forstöðumaður hafði unnið að þessu verkefni í um 6 ár, eða frá því að hann lauk doktorsnámi og þegar hann vann á Veðurstofu Íslands. Verkefnið gengur út á að þekkja og greina jarðfræðileg ummerki eftir ofanflóð, þ.e. a.s. þau rof- og setform sem þau skilja eftir sig. Svipaðar rannsóknir hafa verið stundaðar í Noregi með góðum árangri og er þessi aðferð mikilvæg viðbót við þá hættumatsvinnu sem unnin er hér á landi í dag (mynd 5). Nauðsynlegt er þó að framkvæma mun meiri rannsóknarvinna á þeim aðstæðum sem ríkja hér á landi.

Markvisst hefur verið unnið að söfnun gagna á þessum vettvangi og hefur snjóflóð sem féll í snjóflóðaveðrinu í október 1995 meðal annars vakið sérstaka athygli sökum þess hversu mikið af jarðefnum það bar fram með sér (mynd 6).

Til kynningar á þessum rannsóknum voru haldnir þrír fyrirlestrar á alþjólegum ráðstefnum bæði innanlands og utan á árinu 2000 (sjá kafla 8).



Mynd 5. Jarðfræðileg ummerki eftir ofanflóð hafa verið rannsökuð nokkuð í Noregi. Þessi mynd sýnir tvö jarðvegssnið sem tekin voru ofan við bóndabæ. Eins og sést á myndinni hafa fallið nokkrar skriður fyrir ofan bæinn og líklega yfir bæjarstæðið. Rannsóknir á jarðfræðilegum ummerkjum ofanflóða eru mjög mikilvægar fyrir alla hættumatsvinnu hér á landi (mynd frá Blikra 1998).

Tengsl veðurfars og ofanflóða á Íslandi

Rannsóknir á tengslum veðurfars og ofanflóðavirkni á Íslandi hafa verið stundaðar sem samvinnuverkefni forstöðumanns og Akureyrarsetri Náttúrufræðistofnunar Íslands og er beint framhald samstarfs sem stóð yfir þegar forstöðumaður vann á Veðurstofu Íslands. Svipað því og með jarðfræðileg ummerki snjóflóða, þá fór fram markviss kynning á verkefninu og voru birt þrjú veggspjöld á tveimur alþjóðlegum ráðstefnum bæði innanlands og utan um það efni (mynd 7) (sjá kafla 8).

Mynd 6. Í snjóflóðaveðrinu sem gekk yfir landið í október árið 1995 féll fjöldinn allur af snjóflóðum á Vestfjörðum. Eitt féll í botni Dýrafjarðar. Steinninn hér til hliðar er dæmi um hvílíkir kraftar eru í snjóflóðum og einnig hve burðargeta þeirra er mikil (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 1996).



Mynd 7. Aurskriða sem féll rétt innan við bæinn Þormóðsstaði í innanverðum Sölvadal í júní 1995. Skriða þessi féll í miklum leysingum sem hófust í júní eftir kaldan og snjóþungan vetur. Fjölmörg skriðuföll urðu utar í Eyjafirði fyrri hluta mánaðarins en þessi skriða féll þann 15. og var langstærsta skriðan sem féll í þessari hrinu eða um 800.000 m^3. Myndin er tekin ofan af Nónhnjúki í um 900 m hæð. Takið eftir bóndabænum til vinstri á myndinni (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 1995).

Hugmyndir um stofnun Náttúruskóla í Skagafirði
Á haustmánuðum 2000 kallaði forstöðumaður Náttúrustofu til fundar við sig alla þá aðila sem með einum eða öðrum hætti koma að skólamálum í Skagafirði og kynnti þeim hugmyndir sínar um stofnun Náttúruskóla í Skagafirði. Þeim aðilum sem boðið var voru Páll Dagbjartsson, skólastjóri Varmahlíðarskóla, Kristján Kristjánsson, skólastjóri Steinsstaðaskóla, Björn Björnsson, skólastjóri Grunnskólans á Hofsósi, Óskar Björnsson, skólastjóri Árskóla, Skúli Skúlason, skólastjóri á Hólum, Rúnar Vífilsson, Skólaskrifstofu Skagfirðinga, Hjördís Gísladóttir, Skólaskrifstofa Skagfirðinga, Ársæll Guðmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Herdís A. Sæmundsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður og Pétur Pétursson, formaður stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra.

Á fundinum kynnti forstöðumaður hugmyndina um stofnun Náttúruskóla og hvernig haga mætti stafsemi slíkrar stofnunar. Ekki er annað hægt að segja en að hugmyndin fékk góðar undirtektir og í lok fundarins var sett á laggirnar fjögurra manna undirbúningshópur, sem vinna átti að útfærslu hugmynda um starfsemi og skipulag slíks skóla. Í þá nefnd voru valdir Ársæll Guðmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Hjördís Gísladóttir, Skólaskrifstofu Skagfirðinga, Skúli Skúlason, skólastjóri á Hólum og Þorsteinn Sæmundsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra. Hlutverk hópsins var að búa til grófa mynd af því hvernig faglegt umhverfi slíks skóla ætti að líta út og byggja sína sýn á því að slíkur skóli yrði staðsettur að Steinsstöðum. Undirbúningshópurinn hittist á tveimur fundum, sá fyrri var haldinn í Hólaskóla og var Sólrúnu Harðardóttur boðið að sitja þann fund. Á fundunum komu fram margar hugmyndir um verksvið slíks skóla, en í megin dráttum voru grunnhugmyndirnar á svipuðum nótum. Í lok fundarins var ákveðið að hver og einn setti fram sína sýn á starfsemi náttúruskóla og sendi Þorsteini. Síðari fundurinn var haldinn í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og var Þorkeli Þorsteinssyni aðstoðarskólameistara FNV boðið að sitja þann fund.

Hópurinn kynnti síðan hugmyndir sínar fyrir Byggðarráði Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps og afhenti þeim greinargerð (sjá ritlista).

6.2 Verkefni unnin árið 2001

Kennsla við Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra
Á vorönn 2001 tók forstöðumaður að sér kennslu í náttúrufræði við Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra að beiðni Ársæls Guðmundssonar skólameistara.

Námskeiðið Náttúran í heimabyggð
Skólaskrifstofa Skagafjarðar stóð fyrir námskeiði fyrir náttúrufræðikennara í Skagafirði sem nefndist Náttúran í heimabyggð. Leitaði skólaskrifstofan bæði til Hólaskóla og Náttúrustofu Norðurlands vestra vegna kennslu á þessu námskeiði. Sá Hólaskóli um líffræðilegan hluta námskeiðsins en Náttúrustofan sá um jarðfræðihlutann. Góð mæting var á námskeiðið og framkvæmd þess tókst í alla staði vel. Kennt var í tvo daga og þriðji dagurinn var notaður til að fara í skoðunarferð um Skagafjörð þar sem náttúru djásnir fjarðarins voru skoðaðar (myndir 8 og 9).

Mynd 8. BJAKK (Bjarni K. Kristjánsson líffræðingur) grúfir sig ofan í viðfangsefnið, sem að þessu sinnu voru hinar ýmsu pöddur (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2001).

Mynd 9 Áhugasamir náttúrufræðikennarar í Skagafirði kanna lífríki tjarnarinnar rétt ofan við Hóla (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2001).

Rannsóknir á Orravatnsrústum

Rannsóknaverkefni á Orravatnsrústum í Hofsafrétt var sett á laggirnar árið 2001. Sótt var um styrki til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Landsvirkjunar og Vegagerðar ríkisins vegna þessa verkefnis. Bæði Landsvirkjun og Vegagerðin tóku vel í þessa umsókn og veittu fé til rannsóknarinnar. Verkefni þetta er unnið í samvinnu við Dr. Ólaf Arnalds á Rannsóknastofnun Landbúnaðarins (RALA).

Orravatnsrústir eru án efa ein af dýrmætustu náttúruperlum hálendisins og meðal merkustu gróðurminja landsins þó fáir viti um tilvist þeirra. Þær eru staðsettar í Hofsafrétt í námunda við Reyðarvatn. Svæðið ber nafn sitt af mjög sérstæðum rústarsvæðum og gróðurlendi í um 800 m hæð yfir sjávarmáli (mynd 10). Mjög sérstætt er að gróður þrífist í þessari hæð á hálendi Íslands. Orravatnsrústir eru því miður ennþá nýttar til beitar. Hrossabeit gæti hæglega eyðilagt þessar gróðurleifar á næstu árum ef svo fer fram sem horfir.

Megin markmið verkefnisins er að kortleggja útbreiðslu rústamyndanna á svæðinu, kanna eðli þeirra og gerð, ásamt því að kanna gróðursamfélög þau sem þar fyrirfinnast. Þessi rústasvæði eru enn í dag lítt rannsökuð, en þó er ljóst að þau eru mjög sérstæð, ekki bara ef tekið er mið af Íslandi heldur á alheims mælikvarða. Mjög mikilvægt er að afla eins nákvæmra upplýsinga um útbreiðslu þessara myndanna, kanna hvers konar myndanir þetta eru, hversu mikil áhrif umferð um svæðið hefur á þær og ekki síst hversu mikil áhrif veðurbreytingar hafa á þær.



Mynd 10. Orravatnsrústir á Hofsafrétt, horft til Hofsjökuls (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2002).

Rannsóknir á votlendissvæðum Skagafjarðar
Á árinu 2001 var haldið áfram undirbúningsvinnu að rannsóknum á votlendissvæðum Skagafjarðar. Markviss söfnun gagna um svæðið var gerð og ýmsar skoðunarferðir voru farnar. Innan votlendissvæða Skagafjarðar liggja mörg stórmerkileg svæði og fuglalíf þar með því fjölbreyttasta sem gerist hér á landi.

Í tilefni þessarar undirbúningsvinnu var haldin fugladagur sem nánar er fjallað um hér á eftir (sjá kafla 6.4).

Álftamerkingar í Skagafirði
Ólafur Einarsson fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands hefur til margra ára stundað rannsóknir og merkingar á álftum í Skagafirði. Árið 2001 var engin undantekning á því og í ágústmánuði kom hann ásamt nokkrum útlendingum til merkinga. Ólafur hafði leitað til stofunnar um aðstoð við merkingar og ekki síst til að kanna hvort stofan gæti orðið honum innan handar með húsnæði og aðra aðstöðu. Að sjálfsögðu var tekið jákvætt í þessa bón og leiðangursmönnum útveguð aðstaða. Merkingar fóru fram víða í Skagafirði, bæði á vötnum og á mýrarsvæðum (mynd 11).

Mynd 11. Merkingar á álftum í Skagafirði 2001. Megin hluti þess fólks sem kom til merkinganna voru bretar. Annars vegar frá fuglaverndarsvæðinu í Caerleverock í Skotlandi, en þeir eru einn megin máttarstólpinn í þessum merkingum og fjármagna megnið af þeim hér í Skagafirði. Hins vegar voru aðrir fuglaáhugamenn sem koma hingað til lands á eign vegum og í sumarleyfum sínum gagngert til að aðstoða við fuglamerkingar. Nokkrar álftir sem merktar hafa verið í Skagafirði hafa vetrardvöl á Cearleverock verndarsvæðinu í Skotlandi (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2001).

Kortlagning á sorpurðunarsvæði í Húnaþingi vestra

Að beiðni sveitafélagsins Húnaþings vestra kortlagði Náttúrustofa Norðurlands vestra fyrirhugað sorpurðunarsvæði í landi Syðri-Kárastaða í Húnaþingi vestra. Ástæða þessarar úttektar var vegna tímabundins leyfis til urðunar á svæðinu fram til ársins 2003 (sjá ritlista).

Leiðbeinandi fyrir Thomas Chareyron nemenda frá Frakklandi

Náttúrustofa Norðurlands vestra tók að sér að leiðbeina frönskum jarðfræðinemenda, Thomas Chareyron með verkefni um ofanflóð á Vestfjörðum. Farið var í eina fimm daga ferð til Vestfjarða í júní þar sem nemandinn var settur inn í verkefnið og honum leiðbeint í útivinnunni. Síðan kom hann til Sauðárkróks þar sem hann var í starfsþjálfun í lok júlí. Thomas Chareyron kom frá Háskólanum í Savoie í Frakklandi og nefndist verkefnið "Study of mass movement processes on slopes above man made structures in the Vestfirðir area". Verkefnið var styrkt af Ísafjarðabæ og Vegagerðinni á Ísafirði. Niðurstöður verkefnisins voru kynntar í greinargerð frá Náttúrustofu Vestfjarða (sjá ritlista).

Doktorsvörn í Frakklandi

Á haustmánuðum sat forstöðumaður í fimm manna dómnefnd vegna doktorsvarnar Armelle Decaulne í Clermont-Ferrand í Frakklandi. Dr. Armelle Decaulne hafði starfað við ofanflóðarannsóknir á Vestfjörðum. Ritgerð nefnist: Dynamique des versants et risques naturels dans les fjords d'Islande du Nord-Ouest; l'impact géomorphologique et humain des avalanches et des debris flows. Slope dynamic and natural hazard in the Westfjords of Iceland; Geomorphological and human impact of snow avalanches and debris flows.



6.3 Verkefni unnin árið 2002

Svartfugladauði

Fljótlega eftir áramótin 2001 og 2002 fór að bera á að töluvert magn af svartfugli, aðallega Stuttnefju og Langvíu rak dauða eða máttvana á strendur Skagafjarðar. Nokkuð af fugli rak á Garðssand en þó var aðallega vart við rekinn fugl á Skógarsandi. Náttúrustofan fylgdist grannt með hversu mikið magn af fugli var að reka og safnaði saman hræjum. Þrjátíu og sex fuglar voru sendir suður til Reykjavíkur til Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem frekari greining fór fram. Ólafur K. Nielsen fuglafræðingur á NÍ sá um að greina fuglana og framkvæma nánari rannsóknir. Einnig sá stofan um að kryfja nýdauðan fugl og senda innyflin suður til þess að greina hvort um einhvers konar sýkingu væri að ræða. Niðurstöður úr rannsóknum Ólafs bentu til þess að 69% voru stuttnefjur, 22% langvíur, 6% álkur og 3% haftyrðill (mynd 12). Stuttnefjurnar voru að langmestu leyti fullorðnir fuglar (96%) en langvíurnar ungar (63%). Sameiginlegt var með fuglum sem rak á fjörur Skagafjarðar og þeim sem skoðaðir voru frá Norðausturlandi að þeir voru svipað á sig komnir, þ.e. upptærðir af hungri og með blæðingar í meltingarvegi.



Mynd 12. Í Skagafirði var um 76% af þeim fugli sem rak máttvana eða dauðir á strendur fjarðarins stuttnefja en um 24% langvía. Þessu var öfugt farið á norðausturlandi en þar var hlutfallið 69% langvía og 31% stuttnefja. (Mynd tekin af heimasíðu NÍ frá 2002).

Svona til fróðleiks þá hefur Ólafur birt greinarkorn á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands um svartfugladauðann árið 2002. Þar fjallar hann meðal annars um uppruna fuglanna út frá fyrri endurheimtum. Af 65 langvíum í skrá Náttúrufræðistofnunar og sem merktar voru á Íslandi (varpfuglar) og endurheimtar að vetrarlagi (október til loka mars) fundust 60 á Íslandsmiðum (92%) og 5 við Færeyjar (8%). Af 14 íslenskum stuttnefjum náðust aðeins tvær (14%) að vetrarlagi við strendur Íslands, en hinar höfðu ferðast í vestur og suðvestur og 8 (57%) náðust við strendur Grænlands og fjórar (28%) við strendur Nýfundnalands. Hvaðan kemur þá öll þessi stuttnefja sem er að drepast fyrir Norðurlandi? Samtals hafa fundist 6 erlent merktar stuttnefjur við strendur Íslands að vetrarlagi (október til loka mars). Fjórir þessara fugla voru merktir í stuttnefju-

vörpum á Svalbarða og tveir í vörpum á Bjarnarey. Á sama máta hafa einar 15 langvíur merktar í útlöndum endurheimst við Íslandsstrendur á veturna. Fjórtán þessara fugla (93%) komu frá Bretlandseyjum og einn frá Færeyjum (7%). Samkvæmt þessum gögnum eru það væntanlega fyrst og fremst íslenskar langvíur sem hafa fallið undanfarnar vikur fyrir Norðurlandi en stuttnefjurnar eru væntanlega mestmegnis fuglar ættaðir úr norðurhöfum (Ólafur K. Nielsen 2002, heimasíða NÍ 2002).

Talið er að tugþúsundir fugla hafi fallið í valinn allt frá Langanesi og vestur á Vestfirði í fugladauðanum 2002. Fyrst varð vart við rekinn sjófugl á ströndum Þistilfjarðar 18. desember 2001 en síðar var vart við dauðan sjófugl vestur með norðurströnd landsins og síðast á Vestfjörðum.

Rannsóknir á jökulhörfun á Reykjanesskaga

Rannsóknir á jökulhörfunarsögu á Reykjanesskaga hafa verið stundaðar í samvinnu við Dr. Hreggvið Norðdahl jarðfræðing við Háskóla Íslands. Þessar rannsóknir eru hluti af stærra samvinnuverkefni um kortlagningu jökulhörfunar víða um land en megin þungi þeirra mun verða beint að Skagafirði á komandi árum.

Forstöðumaður hélt fyrirlestur um þetta efni á Vetrarmóti Norrænna jarðfræðinga sem haldið var í Reykjavík í janúar árið 2002.

Raudamelur, a Weichselian Interstadial on the Reykjanesskagi Peninsula, South-western Iceland

Þorsteinn Sæmundsson[1)] & Hreggviður Norðdahl[2)]
[1]Natural Research Centre of North-western Iceland, Aðalgata 2, IS-550 Sauðárkrókur, Iceland
[2]Science Institute, University of Iceland, Dunhaga 3, IS-107 Reykjavík.

The sediments in the Raudamelur gravel pit in the western part of the Reykjanesskagi peninsula contain valuable information on the glacial history of South-western Iceland, especially on the maximum Weichselian glacier extent. Pattern of glacial striae on the outer part of the peninsula reveals a northerly ice-flow away from an ice-divide south thereof. Striae with an easterly direction show an earlier ice-flow west along the Faxaflói bay and across the north-westernmost part of the peninsula. Marine limit shorelines are situated at 60-70 m a.s.l. with lower, distinct raised shorelines and consequently younger at 20-25 m a.s.l. and 10 m a.s.l., respectively. The Raudamelur gravel pit is surrounded by extensive postglacial lava fields.

The Raudamelur sedimentary sequence represents two stadial phases with expanding glaciers and deposition of tills, and two interstadial phases with raised relative sea-level and accumulation of littoral or sub-littoral sediments. The sedimentary sequence rests on striated bedrock in places capped by discontinuous till bed, indicating that the outermost part of the Reykjanesskagi peninsula was at that time covered by ice flowing towards the northwest. Above the bedrock, units of sand and gravel sediments constitute a lee-side spit formation, formed subsequently to a retreat of the glaciers and a rise of relative sea-level. A radiocarbon dated whalebone, collected from the upper part of the lee-side sediments, has yielded an age of about 35 ka BP. These sediments are partly capped by a lava flow – "the Raudamelur lava" – erupted when relative sea-level had regressed to a position below the sediment formation. Later, the Raudamelur lava was overridden by a glacier, advancing in a north-westerly direction and

depositing a till on top of the lava and the sand and gravel sediments. The till is discordantly overlain by another sequence of a lee-side spit sand and gravel sediments, again indicating a general ice-retreat and transgression of relative sea-level. A sample of marine mollusc shells from these sediments yielded a radiocarbon age of about 12.4 ka BP. These sediments are also partly capped by a lava-flow, the Sandfellshædir lava, indicating a final regression of relative sea-level.

Glacial striae in the coastal areas of the Reykjanesskagi peninsula and in the vicinity of Reykjavík indicate a complete glacial coverage of the costal areas. The general pattern of striation indicates an ice-flow from the mountain ranges along the southern side of the peninsula towards the northwest and towards the west along the Faxaflói bay. The dating of a whalebone from Raudamelur and marine mollusc shells from the Midnesheidi area show that the outermost part of the peninsula was ice-free and partly covered by the sea between 35 and 20 ka BP. This period of interstadial conditions may correspond to the Ålesund interstadial in Norway. It is, furthermore, evident that glaciers in South-western Iceland reached a temporary maximum extent at or shortly after 20.0 ka BP.

Heimsókn til Skotlands

Á vormánuðum árið 2002 fór forstöðumaður í ferð til Skotlands til þess að kynnast því hvernig þarlendir hugsa um farfuglana "okkar" yfir vetrarmánuðina og hvernig þeir byggja upp aðstöðu til fuglaskoðunar. Þessi ferð var afrakstur aðstoðar sem Náttúrustofan veitti Ólafi Einarssyni og hans fólki sumarið 2001. Heimsótt voru tvö svæði. Annars vegar Mearsehead Nature Reserve svæðið og hins vegar Caerlaverock National Reserve svæðið, bæði staðsett í suðurhluta Skotlands. Móttökur á báðum svæðum voru hreint út sagt frábærar. Mearsehead Nature Reserve svæðið er í eigu Royal Society for the Protection of Birds (RSPB Konunglega Breska Fuglaverndunarfélagið). Í þessum félagsskap eru um 1.000.000 félagsmenn á Bretlandseyjum og reka þeir fjölda slíkra staða. Mearsehead Nature Reserve svæðið var stofnað árið 1993 og þangað koma árlega um 25.000-30.000 gestir. Svæðið hefur verið friðað samkvæmt Ramsar sáttmálanum og hefur fengið Evrópubandalagsstyrki til uppbyggingar (mynd 13).

Caerlaverock National Reserve er í eigu The Wildflow and Wetlands Trust. Svæðið liggur þó innan friðlands sem tilheyrir Scottish Natural Heritage. Þetta svæði er mun eldra en það fyrra og var stofnað 1957. Það er um 8000 ha að stærð og það heimsækja það milli 15.000-20.000 gestir á ári. Svæðið er að sama skapi með Ramsar friðun og hefur fengið styrki frá Evrópubandalaginu til uppbyggingar.

Fjöldi fugla, aðallega álfta, sem merktar hafa verið hér í Skagafirði hafa vetursetu á þessu svæði. Fróðlegt var að gera sér grein fyrir þeirri vinnu sem liggur að baki þessum svæðum og umhugsunarvert hvernig ástand "farfuglanna okkar" væri ef það væri ekki unnið. Einnig er það umhugsunarvert hvað við íslendingar erum að leggja að mörkum til að viðhalda stofnum þessara fugla!

A

B

Mynd 13 A. Séð yfir Mearsehead Nature Reserve svæðið. B. Skoðunarhús á Caerlaverock National Reserve svæðinu (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2002).

ESF Network

